

## REGLUGERÐ

### fyrir sambýli.

#### 1. gr.

Vistun þroskaheftra einstaklinga skal miðast við að sem flestir eigi þess kost að búa á sambýlum, þar sem íbúunum er veitt öryggi og vernd eins og á almennum heimilum.

#### 2. gr.

Sambýli eru heimili fámenns hóps þroskaheftra, sem staðsett skulu í almennum íbúðarhverfum og skulu þau líkjast venjulegum heimilum að svo miklu leyti sem unnt er.

#### 3. gr.

Húsnæði fyrir sambýli getur verið íbúð í fjölbýlishúsi, fleiri en ein íbúð í sama fjölbýlishúsi, raðhús, einbýlishús eða annað húsnæði sem flokkast undir almennt íbúðarhúsnæði.

#### 4. gr.

Í hverju sambýli skulu að jafnað ekki búa fleiri en 8 einstaklingar, þó skulu á þeim sambýlum þar sem íbúar þurfa mikla aðstoð eigi búa fleiri en 6 einstaklingar.

#### 5. gr.

Sambýli geta verið af eftirfarandi tegundum:

- a) Sambýli fyrir fólk sem getur að mestu leyti séð um sig sjálf, en þarfnast lítillar leiðbeiningar í daglegu lífi þó án stöðugrar viðveru umsjónarmanns eða leiðbeinanda. Á slíku sambýli er engin næturvarsla. Á sambýli af þessari tegund skal að jafnaði einn starfsmaður starfa.
- b) Sambýli fyrir fólk sem er eða vill lifa í sambúð. Ákvæði a) liðar gilda einnig um þetta sambýli.
- c) Sambýli fyrir fólk sem þarfnast aðstoðar við dagleg störf með stöðugri viðveru umsjónar- eða þjálfunarmanns ásamt næturvörslu. Á sambýli af þessari tegund skal að jafnaði miða við að 1—2 stöðugildi komi fyrir hverja 3 vistmenn. Þó er heimilt að víkja frá þessari reglu ef slíkt er talið nauðsynlegt.

#### 6. gr.

Á sambýlum skal að jafnaði leitast við að búi fólk með svipaða færni, af báðum kynjum og á líkum aldri.

#### 7. gr.

Íbúum sambýlis skal veita leiðsögn og aðstoð sem þeir þurfa til að ná þeim þroska og sjálfstæði sem einstaklingurinn hefur möguleika á.

Sambýlið skal hafa náð samstarf við vinnustaði, stofnanir og félagasamtök sem íbúarnir hafa mest samskipti við í þeim tilgangi að samræma þjálfun og leiðsögn íbúanna.

Íbúar á sambýlum skulu að öðru jöfnu sækja skóla, dagvist eða vinnustað utan heimilisins. Tryggja ber akstur til og frá skóla/dagvist/vinnustað, eftir því sem þörf krefur.

#### 8. gr.

Til leiðbeiningar og umsjónarstarfa á sambýlum skal ráða fólk með menntun og/eða starfsþjálfun í meðferð og umönnun þroskaheftra.

## 9. gr.

Svæðisstjórn heimilar vistun á sambýli að höfðu samráði við forstöðumann sambýlisins. Greiningarstöð ríkisins ber skylda til að veita aðstoð og ráðgjöf sé þess óskað af viðkomandi svæðisstjórn eða forstöðumanni.

## 10. gr.

Íbúar sambýlis greiði allt að 80% af örorkubótum sínum í sameiginlegan rekstur sambýlis.

Rekstrarhalla sambýlisins greiðir ríkissjóður og sveitarsjóðir þannig að ríkið greiðir 85% en sveitarfélög 15%.

Gæta skal ýtrasta sparnaðar og hagkvæmni í rekstri sambýla.

## 11. gr.

Svæðisstjórnir og forstöðumenn sambýla skulu senda stjórnarnefnd um málefni þroskaheftra og félagsmálaráðuneytinu yfirlit um reksturinn á síðasta almanaksári, eigi síðar en fyrir lok febrúar árið eftir, ásamt rekstraráætlun fyrir það almanaksár sem hafið er.

Á miðju almanaksári skal forstöðumaður senda félagsmálaráðuneytinu yfirlit yfir reksturinn fyrstu sex mánuði ársins og horfur varðandi rekstrarkostnað á síðustu sex mánuðum ársins, ef breytingar eru fyrirsjáanlegar.

Forstöðumenn sambýla ásamt hlutaðeigandi svæðisstjórn skulu skila fjárveitingabeiðni ásamt greinargerð til félagsmálaráðuneytisins fyrir 1. maí ár hvert.

## 12. gr.

Leyfi til reksturs sambýla veitir félagsmálaráðherra skv. 16. gr. laga nr. 47/1979 um aðstoð við þroskahefta.

Reglugerð þessi, sem sett er skv. 12. og 31. gr. laga nr. 47/1979 um aðstoð við þroskahefta, staðfestist hér með til þess að öðlast gildi þegar í stað.

*Félagsmálaráðuneytið, 30. ágúst 1982.*

**Svavar Gestsson.**

*Margrét Margeirsdóttir.*

## AUGLÝSING

### um umferð á Akureyri.

Að fengnum tillögum bæjarstjórnar Akureyrar og samkvæmt heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 40/1968 er hér með ákveðið, að umferð um Þórunnarstræti skuli njóta aðalbrautaréttar gagnvart umferð úr Hrafnagilsstræti samkvæmt ákvæðum 2., sbr. 3. mgr. 48. gr. umferðarlaga (biðskylda).

Ákvæði auglýsingar þessarar taka gildi þegar í stað og falla þá jafnframt úr gildi eldri andstæðar reglur um umferð á Akureyri.

*Bæjarfógetinn á Akureyri, 8. september 1982.*

**Elías I. Elíasson.**